

innan girðinga og merkt með aðvörunarskiltum bæði á ensku og islenzku, svo sem hér segir: **138**

6. júlí

KEEP OUT
MILITARY PROPERTY
ARMED GUARDS

AÐGANGUR BANNAÐUR
HERNAÐAR ÚTBÚNAÐUR
VARÐMENN MEÐ BYSSUR

Inngangar að slíkum hersvæðum eru í myrkri lokaðir þar sem hentugt þykir, með slám, hliðum eða öðrum hentugum hindrunum. Innganga þessara er einnig gætt eða verðir við þá.

Sérhver, sem fer inn á slíkt bannsvæði án heimildar, gerir það á eigin ábyrgð.

REGLUGERÐ

139

9. júlí

um veltuskatt.

1. gr.

Ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á fjárhæð veltuskatts skal tilkynnt skattgreiðanda með ábyrgðarbréfi, sem skal póstlagt í síðasta lagi 1. n. m. eftir að gjaldið er ákveðið. Ef skattgreiðandi vill kæra skatt sinn fyrir skattstjóra eða skattanefnd, skal hann senda kæru sína fyrir 10. sama mánaðar. Úrskurður skattstjóra eða skattanefndar skal kveðinn upp og tilkynntur í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurði skattstjóra eða skattanefndar má áfrýja til yfirsattanefndar og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestir til þeirra eru 10 dagar og úrskurðarfrestir þeirra eru jafnlangir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 62 12. marz 1945, um veltuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júlí 1945.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.

REGLUGERÐ

140

17. júlí

um viðauka við og breyting á reglugerð nr. 49 3. marz 1945, og reglugerð nr. 97 12. maí 1945, um skömmtnun á smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtnunar á 2 enskum pundum af smjöri, sem heimilað var að afhenda í 2. gr. reglugerðar nr. 49 3. marz 1945, og einu ensku pundi af smjöri, sbr. reglugerð nr. 97 12. maí 1945, skal enn fremur afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu ensku pundi (453 g) af smjöri fyrir mánuðina september og október, og gildir sú innkaupaheimild til 1. nóv. n. k., og eiga við um hana allar sömu reglur og þær innkaupaheimildir, sem áður hafa verið veittar í þessu skyni.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins setur nánari reglur um úthlutunina.